



## UMSÖGN

**Viðtakandi:** Borgarráð - Ráðhús Reykjavíkur

**Sendandi:** Umhverfis- og skipulagssvið

---

### *Átakshópur um bætt aðgengi fatlaðra að Laugavegi - umsögn um fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins - R19010189*

Neðangreind fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins í borgarráði var send umhverfis- og skipulagssviði til umsagnar.

"Á 33. fundi umhverfis- og skipulagsráðs 2013, var samþykkt að stofna átakshóp um bætt aðgengi fatlaðra að Laugaveginum. Tillagan sem lá til grundvallar var svohljóðandi: „Nú þegar Laugavegur er að fara í endurhönnun er mikilvægt að nýta það tækifæri til þess að leggja áherslu á aðgengi fatlaðra. Lagt er til að skipaður verði sérstakur átakshópur í þeim tilgangi. Hann móti áherslur og stefnu Reykjavíkurborgar og verkferla vegna umsókna sem berast um bætt aðgengi. Átakshópur vinni með kaupmönnum og öðrum rekstraraðilum.“ Á fundinum var ákveðið að fresta skipun hópsins.

1. Er búið að skipa í hópinn og hefur hann tekið til starfa?
2. Ef ekki er búið að skipa í hópinn hver er ástæðan?
3. Ef ekki er búið að skipa í hópinn hvenær stendur til að gera það?"

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 25. maí 2016 samþykkti ráðið að skipa tvo fulltrúa í umræddan átakshóp um bætt aðgengi fatlaðra að Laugavegi. Á næsta fundi umhverfis- og skipulagsráðs var sú samþykkt dregin til baka samhliða því að sömu fulltrúar voru skipaðir í stýrihóp um heildstæða stefnu um aðgengismál í Reykjavík. Í fundargerð frá 1. júní 2016 segir eftirfarandi:

"Lögð fram eftirfarandi tillaga borgarfulltrúa Samfylkingarinnar, Bjartrar framtíðar, Vinstri grænna og Pírata frá fundi borgarstjórnar 1. mars 2016: "Lagt er til að stofnaður verði stýrihópur sem marka skal heildstæða stefnu um aðgengismál í Reykjavík. Í hópnum sitji fulltrúar úr mannréttindaráði, umhverfis- og skipulagsráði og ferlinefnd fatlaðs fólks en með hópnum vinni starfsfólk frá mannréttindaskrifstofu, umhverfis- og skipulagssviði og velferðarsviði. Starfshópurinn skili niðurstöðum fyrir 1. desember 2016".

Umhverfis- og skipulagsráðs samþykkir að skipa fulltrúa Vinstri hreyfingarinnar Græns

framboðs Gísla Garðarsson og fulltrúa Sjálfstæðisflokksins Mörtu Guðjónsdóttur í stýrihóp sem marka skal heildstæða stefnu um aðgengismál í Reykjavík."

Samkvæmt upplýsingum frá mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu Reykjavíkurborgar hóf stýrihópur um mótun heildstæðrar stefnu um aðgengismál í Reykjavík störf haustið 2016. Drög að stefnumótuninni lágu fyrir vorið 2018 eftir samráð við fjölda hagsmunaaðila. Í framhaldi var ákveðið að dýpka vinnu stýrihópsins og láta kostnaðarmat og aðgerðaráætlun fylgja stefnumótuninni.

Að afloknum kosningum vorið 2018 var ráðist í að breyta samþykktum ferlinefndar fatlaðs fólks í takt við breytingar á lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga og tók ný aðgengis- og samráðsnefnd fatlaðs fólks til starfa í maí 2019. Á þriðja fundi nefndarinnar í september s.l. tilkynnti formaður nefndarinnar að stýrihópurinn yrði endurskipaður. Gera má því ráð fyrir að hægt verði að ljúka heildstæðri stefnu um aðgengismál í lok árs 2019.



Þorsteinn R. Hermannsson  
Samgöngustjóri